

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Áslands, 3. áfanga, Skógarás G.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Áslands, 3. áfanga, Skógarás G í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur stækkar um 20 cm og verður 6,80 m frá götu. Einnig stækkar byggingarreitur neðri hæðar og nýtingarhlutfall verður 0,57.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Breiðhella 2, 4 og 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 9. júlí 2008 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Breiðhella 2, 4 og 6 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að hljóðmön er felld niður.

Farið var með ofangreindar deiliskipulagsbreytingar skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 18. ágúst 2008,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2008